

25
29. febr.

		Í peningum		Hundrað á		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
35.	1 hndr. 12 fjórðungar sauðskinn, af vet-urgömlum og ám 10 pund á	5	21	62	52	52
36.	— 6 — selskinn — — -	9	53	57	18	48
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit hvert -	»	23	55	20	46
<i>G. Ýmislegt.</i>						
38.	1 hndr. 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum, pundid á	15	70	94	20	79
39.	— 40 — — óhreinsuðum — -	»	»	»	»	»
40.	— 120 — — fuglafiðri ; 10 pund -	5	50	66	»	55
41.	— 480 — — fjallagrösom — — -	1	66	79	68	66
42.	5 álnir 1 dagsverk um heyannir	2	55	61	20	51
43.	— 1 lambsfóður	4	96	119	04	99

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður :

<i>Eptir</i> A. eða í friðu	78	76	66
— B. — - ullu, smjöri og tölq.	59	70	50
— C. — - ullar-tóvöru	79	88	67
— D. — - fiski	63	10	53
— E. — - ljúsi	28	80	24
— F. — - skinna-vöru	62	34	52

En meðalverð allra landaura samantalið 372 58 312
og skipt með 6, sýnir :

meðalverð allra meðalverða

62 10 52

Reykjavík 29. dag febrúarmán. 1888.

E. Th. Jónassen. P. Pjetursson.

26
9. jan.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja viðvikjandi þingsályktun um lán til byggingar Garðskirkju. — Með þóknanlegu brjefi, 28. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem samþykkt var á síðasta alþingi, þar sem skorað er á stjórnina, að veita söfnuðinum í Garðssókní Norður-Þingeyjarprófastsdæmi 600 kr. lán úr landssjóði með 4% vöxtum og 15 ára afborgun, til þess að ljúka við bygging Garðskirkju. Þjer hafið skýrt svo frá málavöxtum, að söfnuðurinn hafi tekið að sjer kirkjuna samkvæmt lögum 12. maí 1882 og hafi kirkjan verið svo hrörleg, að strax hafi orðið að rífa hana og byggja af nýju, en þar sem söfnuðurinn ekki var fær um að leggja út fje það, er til þessa þurfti, hafi hann sent bænarskrá til alþingis með meðmælum stiptsyfirvaldanna um 1200 kr. lán úr landssjóði og sje þingsályktunin af þeim rótum runnin. Um leið og þjer getið þess, að árstekjur kirkjunnar nemi um 90 kr., hafið þjer lagt til, að þingsályktunin verði tekin til greina.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg veiti yður hjer með heimild til að veita Garðssókn í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi 600 kr. lán úr landssjóði með kjörum þeim, sem stungið er upp á í þingsályktun þeirri, sem hjer er um að ræða.

LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

25. febr. var sóknarprestinum að Klyppsstað, sjera Finni Þorsteinssyni, veitt lausn frá prestsembætti frá næstkomandi fardögum, sakir ellilasleika, með eptirlaunum.